

#### 4.fundur í Skólaráði Rimaskóla

Mætt: Eygló Hilmarsdóttir - fulltrúi kennara, Guðbjörg Íris Atladóttir trúnaðarmaður og fulltrúi kennara í forföllum Elísabetar Magnúsdóttiu, Baldvin Berndsen – fulltrúi grenndarsamfélagsins, Erla Bára Ragnarsdóttir fulltrúi foreldra, Ásgerður Arna Sófusdóttir fulltrúi foreldra, Kristján Magnússon– fulltrúi starfsmanna, Þórunn R. Ólafsdóttir – skólastjóri og ritari.

Forföll: Fulltrúar nemenda.

#### Fundarefni:

##### 1. Skóladagatal 2025-2026

Farið var yfir skóladagatal 2025-2026. Kennarar hafa tekið það fyrir og samþykktu þessa útgáfu. Skóladagatalið lagt fyrir skólaráð og samþykkt.

##### 2. Viðhaldsmál

Ragnar Bjarnþór Fjeldsted umsjónarmaður fasteigna fór yfir viðhaldsmálin. Búið er að klæða 2/3 hluta hússins og skipta um glugga. Gluggar í tengibyggingu og í enda blá gangs leka sem og við inngang norðanmegin. Reykjavíkurborg er með málefnið því verktakinn virðist vera í vandræðum með að klára verkið. Verið er að ýta á eftir þeim málum.


Útihurðin var lengi vel í bráðabirgðareddingum þar sem fyrri hurð sem kom gekk ekki upp og þanta þurfti nýja. Það tók nokkra mánuði að fá þá hurð og þegar hún var komin í þá kemur í ljós að það er mjög óheppilegt hvernig stýringar á henni eru. Takkaborð sem hver og einn getur fíkað í og mótmælti umsjónarmaður og skólastjóri því og vilja fá lykklakerfi til að tryggja öryggi. Það er vonandi í vinnslu.

Rætt var um loftræsingu en eftir útskipti glugga þá eru þeir þéttir (sem er kostur) en loftun í stofum er ekki í lagi. Of mikill koltvísýringur safnast þar og hafa bæði Heilbrigðiseftirlitið og Vinnueftirlitið gert mælingar og skilað inn skýrslum. Búið er að koma þeim skýrslum á viðhaldsdeild Skóla- og frístundasviðs ásamt að reka eftir viðbrögðum.


##### 3. Niðurstöður foreldrakönnunar Skólalúpsins

Foreldrakönnun Skólalúpsins lauk 4. mars 2025 og kynnti Þórunn niðurstöðurnar. Almennu foreldrar ánægðir með skólann þó svo að alltaf þurfi að ígrunda betur einhverja þætti. Ágamál eru nokkuð sem foreldrar telja að mætti bæta í skólanum.


### 1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum – Röðun




### 1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans – Röðun




#### 1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra – Röðun



#### 2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda – Röðun



### 2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt – Röðun



### 2.8. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum – Röðun\*

